

viku frest til að leggja fram málsútlitun sína, hefur sannað fyrir rjettinum, að hann hafi í tækan tíma, sbr. l. 1—8—9, beðið um eptirrit af nokkrum af þeim skjölum, er hann þurfti að leggja fram fyrir yfirrjettinum, en ekki verið búinn að fá eptirritið þegar málið átti að falla í rjett, þá ber að veita hinn um beðna frest.

Því úrskurðast:

Áfrýjandanum veitist hinn um beðni viku frestur.

Þriðjudagin 11. júním. 1878.

Nr. 7/1878:

Rjettvísinn
gegn

Jóhanni Jónssyni, Guðríði Björnsdóttur og Ingibjörgu, Halldóru og Helgu Jóhannsdætrum.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði gegn Jóhanni bónda Jónssyni á Laxfossi í Mýrasýslu, konu hans, Guðríði Björnsdóttur, og dætrum þeirra, Ingibjörgu, Halldóru og Helgu, fyrir sauðapjófnad og hlutdeild í sauðapjófnad, og eru þau með dómi kveðnum upp fyrir aukarjetti Mýra og Borgarfjarðarsýslu að Hjarðarholti 10. desembermán. f. á. dæmd, Jóhann í 2ja ára og Guðríður og Ingibjörg í 16 mánaða betrunarhúsvinnu, Halldóra í fangelsi við vatn og brauð í 4×5 daga og Helga, sem er fædd 1861, í 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi; enn fremur eru þau Jóhann, Guðríður, Ingibjörg og Halldóra dæmd til að borga eitt fyrir öll og öll fyrir eitt til Einars Jónssonar á Litlaskarði 18 kr., til Þórðar Magnússonar á Stapaseli 14 kr., til Þorbjarnar Davíðssonar á Svignaskarði 26 kr., og til Þorbergs Fjeldsteðs á Hreðavatni 18 kr.; loks eru öll

hin ákærðu dæmd til að greiða eitt fyrir öll og öll fyrir eitt allan kostnað af málinu, þar á meðal til svara-
manna þeirra í hjeraði, Hjálms Pjeturssonar og Gísla Eggertssonar, 8 kr. til hvors, í málsvarnarlaun.

Þessum dómi hafa hin ákærðu Jóhann Jónsson, Guðrífur Björnsdóttir og Helga Jóhannsdóttir áfrýjað til yfirdómsins, eins og líka dómnum í heild hans er skotið til yfirdómsins af hálfu rjettvísinnar.

Með eigin játningu hinnar ákærðu Ingibjargar Jóhannsdóttur, sem er fædd árið 1850 og ekki hefur fyrri sætt hegningu nje ákæru, og öðrum skýrslum, sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að hún haustið 1876 hafi tekið sauð, sem Þorbjörn bóndi á Hreðavatni átti og var saman við kvífejð á Laxfossi, dregið hann inn í búrið á bænum, og síðan skorið hann þar og gjört til einsömul, síðan hafi hún haft skipti við móður sína á kjötinu af þessum sauð fyrir kjöt af annari kind og látið það upp í skuld. Sama haustið skar hin ákærða Ingibjörg með hjálp systra sinna, meðákærðu Halldóru og Helgu inni í fjósinu á Laxfossi sauð, sem hún hafði sótt út í haga, að því er virðist, í annars manns land, og lítur svo út, sem afurðirnar af þeim sauð hafi runnið inn í búrið á Laxfossi, en hver hafi átt hann, er ekki upplýst. Enn fremur hefur hin ákærða Ingibjörg skýrt frá, að hún undanfarin ár hafi átt þátt í að taka úr fjönu á Laxfossi og skera ýmsar kindur, sem aðrir menn áttu, sumar hafi hún skorið með tilhjálp systra sinna og móður, haldið fótunum á sumum eða hrært í blóðinu, er faðir hennar skar þær, sumar hafi hún flegið og gjört til eða soðið innan úr, en af öllum þeim kindum hafi afurðirnar runnið inn í bú foreldra hennar, þar á meðal af 3 vetrum sauð frá Litlaskarði og af veturgömlum sauð frá Stapaseli. Allar þessar kindur segir hin á-

kærða að hafi verið teknar og skornar eptir skipun föður hennar eða móður, og hafi hún ekki þorað annað en hlýða föður sínum í þessu, af því hann hafi verið svo harður við sig. Loks hefur hin ákærða Ingibjörg játað, að hún hafi stolið frá föður sínum einum sauðarmör, en þó sagt móður sinni frá því á eptir, og að hún einnig með vitund móður sinnar hafi tekið frá föður sínum ull og kjöt, og hafi hún látið allt þetta upp í skuldir.

Hinar ákærðu Halldóra og Helga Jóhannsdætur hafa játað, að þær hafi hjálpað Ingibjörgu systur sinni við skurð á ýmsum ófrjálsum kindum með því að draga kindurnar heim frá kvíunum, halda fótum, hræra í blóði, o. sv. fr., og sömuleiðis bera þær, að þær hafi hjálpað föður sínum á sama hátt, en sjálfar hafi þær ekki hagnýtt sjer neitt af afurðum hinna stolnu kinda, er allar hafi runnið inn í bú foreldranna; það, sem þær þannig hafi aðhafst, hafi þær gjört eptir skipun föður síns eða móður.

Hinn ákærði Jóhann Jónsson hefur stöðugt borið á móti því, bæði að hann sjálfur hafi tekið nokkra kind ófrjálstri hendi, og að hann hafi skipað dætrum sínum eða á annan hátt gefið þeim tilefni til að gjöra það; en þar á móti hefur hann játað, að hann eptir á hafi fengið vitneskju um 2 kindur, nefnilega sauðinn frá Litlaskarði og sauðinn frá Stapaseli, sem Ingibjörg dóttir hans hafði tekið og skorið, og vitað, að afurðirnar af þeim hafi runnið inn í bú hans; en hann hefur staðfastlega neitað því, að hann hafi haft neina vitneskju um tökuna á þessum 2 kindum fyrr en nokkru eptir að búið var að skera þær. Enn fremur er það sannað, að hinn ákærði, Jóhann, hafi fyrir eitthvað 12 árum síðan selt í Reykjavík kind, sem annar maður átti, ásamt kindum, sem hann átti með sjálfur, og

þrætti hann fyrst fyrir það við eigandann, en borgaði honum þó seinna verð kindarinnar. Segist hinn ákærði hafa verið drukkinn, er hann seldi þessar kindur, og að það hafi orðið í ógáti fyrir sjer, að hann seldi þessa um ræddu kind, því að hann hafi alls verið með um 50 kindur, sem hann átti að selja fyrir ýmsa.

Hin ákærða Guðríður Björnsdóttir hefur, eins og maður hennar Jóhann, stöðugt borið á móti því að hafa átt neinn þátt í kindatöku þeirri, er dætur hennar hafi gefið skýrslu um, en að eins játað, að hún eptir á hafi vitað um skurðinn á sauðunum frá Litlaskarði og Stapaseli, og að afurðirnar af þeim runnu inn í búið, eins og hún heldur ekki hefur borið á móti, að hún hafi haft skipti við Ingibjörgu dóttur sína á kjötinu af kind þeirri, sem Ingibjörg skar ein og var frá Hreðavatni, fyrir annað kjöt, þó að hún vissi að kindin var ófrjáls. Enn fremur hefur hin ákærða Guðríður játað, að hún hafi vanið undir á, sem þau hjónin áttu, ómarkað lamb, er var í fje þeirra, þó ærin ekki vildi helga sjer lambið, en hún hafi þó ímyndað sjer, að það hafi verið sama lambið, sem týnzt hafði undan ánni.

Undirdómarinn hefur álitid, að næg sönnun sje komin fram fyrir því, að sauðapjófnaður sá, sem eptir framburði hinna ákærðu Ingibjargar, Halldóru og Helgu Jóhannsdætra í mörg ár hefur átt sjer stað á Laxfossi, hafi fram farið eptir skipun hinna meðákærðu foreldra þeirra Jóhanns Jónssonar og Guðríðar Björnsdóttur, og að þau bæði hafi átt þann þátt í þjófnadi þessum, sem dætur þeirra skýra frá, þrátt fyrir það, þó þau ekki hafi fengist til að játa það upp á sig. — En yfirdómurinn getur ekki fallist á þessa skoðun, því að hvorki hafa skýrslur hinna ákærðu, Ingibjargar, Halldóru og Helgu, sem sjálfar hafa játað sig samsekar í þeim glæp, sem þær hafa borið upp á foreldra sína,

neinar aðrar verulegar líkur við að styðjast, nje heldur eru þær fullkomlega samhljóða sín á milli, og bætist þar við, að hinar ákærðu hafa borið ýmislegt ósatt fyrir rjettinum, sem þær seinna hafa orðið að taka aptur. Gegn stöðugri neitun hinna ákærðu Jóhanns Jónssonar og Guðríðar Björnsdóttur virðist þannig undir þessu máli ekki fram komin næg sönnun fyrir, að þau hafi gjört sig sek í öðrum afbrotum en þeim, sem þau sjálf hafa játað upp á sig, sem sje, að þau hafi látið afurðirnar af tveim sauðum renna inn í bú sitt, þó að þau vissu, að kindur þessar voru ófrjálssar, og að meðákærða Guðríður þar á ofan hefur tekið við sauðakjöti, sem hún vissi að var ófrjálst, í skiptum fyrir annað kjöt, og að því er sjerstaklega snertir kind þá, sem meðákærði Jóhann seldi í Reykjavík, og lamb það, sem meðákærða Guðríður vandi undir, þá virðist heldur ekki vera fullnæg ástæða til að rengja framburð þeirra um þau atriði.

Samkvæmt þessu ber að heimfæra brot hinna ákærðu Jóhanns Jónssonar og Guðríðar Björnsdóttur, sem bæði eru komin langt yfir lögaldur sakamanna og ekki hafa áður sætt hegningu eða ákæru fyrir neitt lagabrot, undir 250. og 56. gr. hegningarlaganna, og virðist hegning sú, er þau hafa til unnið, eptir öllum málavöxtum hæfilega ákveðin 9 mánaða betrunarhúsvinna. — Brot hinnar ákærðu Ingibjargar Jóhannsdóttur eru af undirdómaranum rjettilega heimfærð undir 250. gr., 230. gr., 231. gr. 1. lið og 58. gr. hegningarlaganna, og virðist hegningin eptir hinum tilvitnuðu lagastöðum rjettilega metin 1 árs betrunarhúsvinna. Brot hinnar ákærðu Halldóru Jóhannsdóttur, sem er yfir tvítugt, og ekki hefur áður sætt hegningu eða ákæru, ber að heimfæra undir 250. gr. og 48. gr. 2. málsgrein í hegningarlögunum, og virðist undirdómarinn rjettilega hafa á-

kveðið hegningu þá, sem hún hefur verðskuldað, til fangelsis við vatn og brauð í 4×5 daga. Sömuleiðis virðist hegning hinnar ákærðu Helgu Jóhannsdóttur hæfilega metin af undirdómaranum 10 daga fangelsi við venjulegt fanga viðurværi samkvæmt 250. gr., 48. gr. 2. málgr. og 22. gr. hegningarlaganna. Í iðgjöld hins stolna ber hinum ákærðu Jóhanni Jónssyni, Guðríði Björnsdóttur, Ingibjörgu Jóhannsdóttur og Halldóru Jóhannsdóttur einu fyrir öll og öllum fyrir eitt að greiða til Einars Jónssonar á Litlaskarði 18 kr. og til Þórðar Magnússonar á Stapaseli 14 kr., og hinum ákærðu Guðríði Björnsdóttur og Ingibjörgu Jóhannsdóttur annari fyrir báðar og báðum fyrir aðra að greiða til Þorbergs Fjeldsteðs á Hreðavatni 18 kr.; en aptur á móti virðast ekki nægar sannanir fram komnar undir málinu til að dæma Þorbirni Davíðssyni á Svignaskarði iðgjöld þau, sem honum eru dæmd fyrir undir-rjettinum. Loks ber hinum ákærða einu fyrir öll og öllum fyrir eitt að greiða allan löglegan kostnað af máli þessu, þar á meðal málsfærslulaun þau, sem tiltekin eru í undirdóminum, og málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 20 kr. til hins fyrnefnda og 15 kr. til hvors hinna, þó ber hinum ákærðu hverju fyrir sig að greiða kostnað þann, sem leitt hefur af varðhaldi þeirra hvers um sig.

Meðferð málsins í hjeradi og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærðu Jóhann Jónsson, Guðríður Björndóttir og Ingibjörg Jóhannsdóttir eiga að sæta betrunarhúsvinnu, hin 2 fyrnefndu í 9 mánuði hvort og hin síðastnefnda í 1 ár. Að því er snertir hegningu hinna ákærðu Halldóru Jóhannsdóttur

og Helgu Jóhannsdóttur á dómur undirjettarins óraskaður að standa. Í iðgjöld ber hinum ákærðu Jóhanni Jónssyni, Guðríði Björnsdóttur, Ingibjörgu Jóhannsdóttur og Halldóru Jóhannsdóttur einu fyrir öll og öllum fyrir eitt að greiða til Einars Jónssonar á Litlaskarði 18 kr., og til Þórðar Magnússonar á Stapaseli 14 kr. og til Þorbergs Fjeldsteðs á Hreðavatni ber hinum ákærðu Guðríði Björnsdóttur og Ingibjörgu Jóhannsdóttur, annari fyrir báðar og báðum fyrir aðra, að greiða 18 kr. í iðgjöld. Svo ber hinum ákærðu og að greiða hverju fyrir sig allan kostnað, sem orsakast hefur af varðhaldi hvers þeirra um sig, allan annan löglegan kostnað af máli þessu greiði hin ákærðu eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, þar á meðal til svaramanna þeirra fyrir undirjettinum, Hjalms Pjeturssonar og Gísla Eggertssonar 8 kr. til hvors þeirra í málsvarnarlaun, og til sóknara og svaramanna fyrir yfirdóminum málsfærslumannanna Guðmundar Pálssonar og Páls Melsteðs og cand. juris Kristjáns Jónssonar, 20 kr. til hins fyrnefnda og 15 kr. til hvors hinna um sig í málfutningslaun.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.